



Rafræn skil skorkorta

Verklagsregla

1. Almenn.

Þessi verklagsregla gildir á mótum á vegum GSI, þar sem rafræn skorkort eru notuð. Leikmenn bera ábyrgð á rétttri skráningu skora, bæði fyrir sig og leikmanninn sem þeir eru ritara fyrir. Ef tæknibilun kemur upp skal skrá skor á pappír til vara.

Nefndin skal tryggja rétt leikmanna til að skrá skor í rafrænt kerfi og tryggja að allir leikmenn fái úthlutað ritara fyrir sitt skor.

2. Skráning leikmanna og ritara

- Við skráningu í mótið samþykkir leikmaður skilmála um rafræna skráningu og ber að hafa með sér tæki til að sinna skráningunni.
- Leikmaður skal tryggja að hann hafi aðgang að rafrænu skráningunni áður en umferð hefst.

3. Skráning skors

- Leikmenn skulu skrá sitt skor og þess sem þeir eru ritara fyrir í rafræna kerfið við lok hvernar holu og lagfæra villur ef einhverjar eru

4. Undirritun skorkorta

- Þegar umferð er lokið skulu bæði leikmaður og ritari undirrita skor rafrænt eins og kerfið gerir kröfu til.
- Undirritun staðfestir að skorin séu rétt skráð og samþykkt af báðum aðilum.
- Skori telst hafa verið skilað þegar báðir aðilar hafa undirritað skor rafrænt.

5. Viðbrögð við tæknibilun

- Ef rafræn skráning bilar á meðan að umferð er leikin, hvort heldur er miðlæg bilun eða bilun í tækjum leikmanna, þá skulu leikmenn tilkynna það til nefndarinnar.
- Í tilfellum bilana skulu leikmenn skrá skor á pappír, en nefndin skal afhenda hverjum leikhópi eitt eintak af skorkorti í þessum tilgangi við ræsingu. Leikmenn geta óskað eftir fleiri eintökum telji þeir þörf á slíku, hvort heldur er við ræsingu eða á meðan umferð er leikin.
- Leikmaður og ritari skulu viðhalda sömu aðferð við skráningu skora á pappír og lagfæra villur ef einhverjar eru eftir hverja holu.
- Þegar umferð lýkur skulu leikmenn afhenda skorkort á pappír, þegar það á við, og skorin færð inn í rafræna kerfið af nefndinni.
- Bæði leikmaður og ritari skulu undirrita skorkortið áður en því er skilað.

6. Ábyrgð og eftirlit

- Leikmenn bera ábyrgð á að fylgja þessum verklagsreglum og tryggja að skorin séu rétt skráð og undirrituð.
- Nefndin hefur eftirlit með rafræna skorinu og tryggir að tæknilegir vankantar hafi ekki áhrif á rétta skráningu skora.